

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 676, 30. júlí 2009,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2009/2010, með síðari breytingum.

1. gr.

Á 3. gr. verða eftirfarandi breytingar:

1. Í stað: „40.000“ á eftir tegundinni síld (íslensk sumargotssíld) í 1. mgr. komi: 47.000.

2. gr.

3. mgr. orðist svo: Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 2009 til og með 30. apríl 2010. Stjórn veiðanna og skipulag þeirra skal unnið í samráði við Hafrannsóknastofnunina í því skyni að kanna, með sýnatökum, ástand síldarstofnsins. Veiðiskip skulu haga sýnatökum í samráði við Hafrannsóknastofnunina og með þeim hætti sem stofnunin ákveður.

3. gr.

Reglugerð þessi er gefin út með stoð í ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi 1. janúar 2010 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 29. desember 2009.*

F. h. r.

**Steinar Ingi Matthíasson.**

*Hrefna Gísladóttir.*